

Minnisblað

Dags.: 26. janúar 2016.

Efni: Minnisblað um úrræði fyrir börn, ungmenni og ungt fólk með hegðunarraskanir og geðræna erfiðleika.

Stuðningsheimili fyrir ungt fólk á aldrinum 18-30 ára.

Nú eru u.þ.b. 5-10 skjólstæðingar fjölskylduþjónustunnar á þessum aldri í þörf fyrir búsetu og stuðning. Um er að ræða einstaklinga sem hafa m.a. fengið bæði sálfræði- og læknisfræðilegar greiningar og eru að takast á við ýmsa erfiðleika þeim samfara. Bakgrunnur er misjafn en m.a. má nefna að í þessum hópi eru einstaklingar sem hafa verið í þjónustu barnaverndar og dvalið m.a. á fósturheimilum á vegum barnaverndar. Þegar fullorðinsárum er náð skortir úrræði til að styðja viðkomandi út í samfélagið.

Hugmyndir hafa verið uppi um að koma á fót stuðningsheimili og er horft til fyrirmyndar sem Reykjavíkurborg hefur staðið fyrir í nokkur ár. Um er að ræða heimili þar sem umsjónarmaður býr ásamt 3-4 einstaklingum sem þurfa á stuðningi að halda.

Markmiðið er að á þeim tíma sem viðkomandi býr á heimilinu öðlist hann sjálfstæði til að búa einn. Þegar markmiði er náð flyst viðkomandi í sjálfstæðari búsetu. Miðað er við að dvalartími sé ekki lengri en 2 ár.

Hugmyndin er að nýta stóra leiguíbúð í félagslega húsnæðiskerfinu. Reynslan hefur sýnt að ekki er mikil eftirspurn eftir stórum íbúðum og væri því heppilegt að nýta stóra eign í þessu skyni.

Íbúarnir skipta með sér húsaleigu, hússjóði, rafmagni og hita. Laun umsjónarmanns yrði á kostnað Hafnarfjarðarbæjar og auk þess helsti húsbúnaður í sameiginlegu rými.

Lagt er til að teknar verði upp viðræður við velferðarsvið Kópavogs um sameiginlegan rekstur á heimilinu.

Vistheimili/meðferðarheimili fyrir hegðunarröskuð börn og ungmenni.

Barnavernd Hafnarfjarðar hefur síðastu árin keypt þjónustu af einkareknu vistheimili og hefur hlotist af mikill kostnaður. Þessi leið er farin þar sem skortur er á úrræðum fyrir ákveðinn hóp barna og ungmenna sem glíma við flókinn og fjölpættann vanda. Í mörgum tilvikum hefur verið sótt um meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu en slíkt ekki fengist þar sem ekki hefur verið talið að slíkt henti viðkomandi einstaklingum. Fleiri sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Árborg, Akranes, Grindavík, Reykjanesbær o.fl. eru í sömu sporum og hafin er samvinna milli sveitarfélaga til að leita leiða. Á fundi sveitarfélaganna nú nýverið vegna þessara mála kom fram ósk um að Hafnarfjörður myndi gera drög að rekstrarmódeli vegna úrræðis sem nýst gætu sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og nágrennasveitarfélögum þeirra. Umræða skapaðist

einnig um hlutverk Barnarverndarstofu/ríkisins varðandi úrræði og mun Reykjavíkurborg verða leiðandi í þeirri umræðu.

Lagt er til að það sé kannað hvort grundvöllur sé faglega og fjárhagslega til að setja á fót úrræði sem nýst gæti sveitarfélögunum.

Íbúðir fyrir fullorðna geðfatlaða einstaklinga.

Á biðlista eftir húsnæði eru 19 einstaklingar með geðfötlun sem þurfa á húsnæði og stuðningi að halda. Leggja þarf áherslu á að fjölga litlum íbúðum í félagslega kerfinu sem hentað getur þessum hópi. Um er að ræða einstaklinga sem búa við geðræna erfiðleika, fá þjónustu frá heilbrigðiskerfinu m.a. geðdeildum en þurfa ekki síst á öruggu húsnæði að halda of öflugum stuðningi til að lifa sjálfstæðu lífi.

Nú þegar er áætlun um að selja stórar íbúðir úr félagslega kerfinu og fjölga minni íbúðum sem m.a. myndi henta þessum hópi. Einnig hefur verið rætt um breytt vinnulag við úthlutanir þar sem þessir einstaklingar eigi virkari rétt til úthlutunar.

Rannveig Einarsdóttir,
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar.